

Frá 10. mars 2009 verður eftirfarandi sölufyrirkomulag í gildi:

1. Kaupverðið miðast við væntanlega lánskjaravísitölu í október 2009 og miðast uppgjör lána við þann tímapunkt. Þetta þýðir að uppgjör kaupverðs fer fram í október 2009 og verða lánin þá metin samkvæmt stöðu þess tíma. Allar spár gera ráð fyrir að í okt. verði verðbólgan að mestu gengin yfir. Sú hækkun sem verður á lánskjaravísitölu þangað til fellur að öllu leyti á seljandann. **Nesbyggð ehf. greiðir afborganir og vexti af lánum til 1. okt. 2009.**
2. Nesbyggð ehf. greiðir allan stimpilkostnað af ÍLS bréfum eða bréfum annarra lánastofnanna ásamt stimpilkostnað á viðbótarskuldabréfi Nesbyggðar ehf. Samandregið: **Nesbyggð ehf. greiðir allan stimpilkostnað vegna lána og þinglýsingu kaupsamnings.** Kaupandi greiðir fasteignagjöld hita rafmagn og hússjóð frá afhendingu. Þá greiðir kaupandi 1% lántökugjald Íbúðalánasjóðs sem verður gert upp 1. okt. 2009.
3. Nesbyggð lánar 10% til viðbótar við 80% lán Íbúðalánasjóðs (eða annarra lánastofnanna) Bréfin eru til 25 ára með 4,50% vöxtum. Engin lántökukostnaður og ekkert uppgreiðslugjald. **Frá þessu bréfi verður gengið 1 okt. og lækkar upphæð þess um sömu krónutölu og hækkun ÍLS bréfsins nemur.**
4. Veittur er 3% afsláttur af þeim hluta kaupverðsins sem greiddur er með peningum umfram 10%. Sá afsláttur er gerður upp við afsal eða tengdur uppgjöri á lántökukostnaði Íbúðalánasjóðs.
5. **TÍMABUNDIN AFSLÁTTUR:** Til 1. júní er veittur afsláttur kr. 1.000.000 af öllum íbúðakaupum.

Dæmi 1: Íbúð kostar 20.0 milljónir. 10% greidd með peningum.

Afsláttur er 1.000.000 þannig að íbúðin kostar 19.000.000.

80% ÍLS lán	10% lán Nesbyggðar	Greitt með peningum		Samtals
15.200.000	1.900.000	1.900.000		19.000.000
Þinglýsing 0	Þinglýsing 0			Heild
Lántökukostnaður 152.000	Lántökukostnaður 0	Afsláttur vegna peningagreiðslna 0		HEILD
			Heild	19.152.000

ATH: ÍLS bréf, lán Nesbyggðar ehf. og útborgun nema samtals kr. 19.000.000 þann 1. okt.